

## 1 TILGANGUR

Tilgangur þessa verklags er að öll vöru- og þjónustukaup Verkmenntaskólans á Akureyri séu unnin með sama hætti og undir eftirliti.

## 2 ÁBYRGÐ

Skólameistari er endanlega ábyrgur fyrir innkaupum Verkmenntaskólans á Akureyri. Rekstrar- og fjármálastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og eftirfylgni innkaupa ásamt því að bera ábyrgð á almennum innkaupum á skrifstofuvörum, viðhaldsvörum, hugbúnaði fyrir tölvur og kennslubókum til endursölu. Rekstrar- og fjármálastjóri veitir eftirfarandi innkaupaaðilum umboð til innkaupa miðað við lausafjárstöðu hverju sinni.

- **Brautarstjórar** hafa umboð og eru ábyrgir fyrir kaupum á rekstrarvörum fyrir viðkomandi brautir innan fjárheimilda brautar. Rekstrarvörur teljast allar vörur sem notaðar eru til daglegrar kennslu, en ekki stærri fjárfestingar.
- **Forstöðumaður bókasafns** hefur umboð til að kaupa bækur, þar með talin kennslueintök fyrir viðkomandi braut/deildir.
- **Umsjónarmaður fasteigna** hefur umboð og er ábyrgur fyrir innkaupum á minniháttar rekstrarvörum.
- **Skólafulltrúi 1** hefur umboð og er ábyrgur fyrir innkaupum á hreingerninga vörum.

## 3 FRAMKVÆMD

### 3.1 FORSENDUR

Brautarstjórum ber að kaupa inn frá fyrirtækjum sem eru með gildan rammasamning við Ríkiskaup. Brautarstjórar mega þó gera prufuinnkaup hjá öðrum birgjum ef gildandi rök eru fyrir að sambærileg vara sé ekki til annarsstaðar. Innkaupaaðilar eiga að kaupa vörur sem flokkast sem vistvænar sé þess nokkur kostur.


Skólinn heldur saman lista og rýnir þá birgja sem skipta máli fyrir rekstur skólans og þjónustu við viðskiptavini hans. Um er að ræða þá birgja sem skólinn hefur keypt af 10 sinnum eða oftar á almanaksári eða ef þeir teljast mjög mikilvægir fyrir rekstur skólans. Birgjamatsyfirlit er tekið saman í lok hverrar annar og rýnt og geymt í skjalakerfi skólans undir gæðamál.

Orri, fjárhagskerfi ríkisins, heldur utan um bókhald VMA og þangað eru reikningar sendir til samþykktar. Þegar reikningur berst rafrænt í bókhald Orra fer hann í samþykktarferli og er samþykktur eða honum hafnað af ábyrgðaraðila.

Innkaup eiga að vera innan fjárheimilda hvers skólaárs.

Eingöngu þeir aðilar sem koma fram í þessari verklagsreglu hafa heimild til þess að gera innkaup fyrir VMA.

# Innkaup



### 3.2 EFTIRLIT

Rekstrar- og fjármálastjóri sér til þess að fundað sé reglulega með þeim sem koma að innkaupum þar sem farið er yfir rammasamninga og verklag við innkaup.

## 4 VIÐEIGANDI SKRÁR

Rammasamningar ríkisins - lög um opinber innkaup nr. 120/2016 sem er aðgengilegur á heimasíðu ríkiskaupa.